



Dagskrá aðalfundar SSA 2020

54. aðalfundur SSA haldinn í Egilsbúð, Neskaupstað þann 23. júní 2020

Kl. 10:45

Afhending á kjörbréfum til kjörbréfanefndar
þingskjöllum nefnda sem unnu að undirbúningi aðalfundar dreift til fulltrúa*

Kl. 11:00

- 1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara
- 2) *Formaður kjörbréfanefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar*
- 3) Skýrsla stjórnar
- 4) Kynning ársreikninga
- 5) Kynning endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2020
- 6) Kynning fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2021
- 7) Kynning hugmynda um breytingu á nefndarlaunum
- 8) *Formaður fjárhagsnefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar*
- 9) Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar
- 10) *Formaður laganefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar*
- 11) Lagabreytingar / Breytingar á samþykktum
- 12) *Formaður stjórnar kynnir tilhögun nefndarkjörs*
- 13) Kosningar
 - Kjör í stjórnir og nefndir – *frestað til haustþings v/kosninga*
 - Kjör endurskoðenda
- 14) Önnur mál

Kl. 12:30 Áætluð fundalok

*Skipaðir voru aðilar í kjörbréfanefnd, fjárhagsnefnd og laganefnd til að starfa að undirbúningi aðalfundar SSA á stjórnarfundi þann 19. maí 2020

Austurlandi, 21. maí 2020

Í umboði stjórnar,

Jóna Árný Þórðardóttir

Samþykktir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Núverandi

Tillaga

<p>1. gr. Samband sveitarfélaga á Austurlandi, stofnað 8. október 1966 (skammstafað SSA), er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Austurlandi.</p>	<p>1. gr. Samband sveitarfélaga á Austurlandi, stofnað 8. október 1966 (skammstafað SSA), er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Austurlandi.</p>
<p>2. gr. Starfssvæði SSA skiptist í eftirtalin 2 þjónustusvæði: a) Norðursvæði: Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður. b) Suðursvæði: Fjarðabyggð og Djúpavogshreppur.</p>	
<p>3. gr. Meðal samstarfsverkefna svæðanna á vettvangi SSA er ákvörðun um val sameiginlegra fulltrúa þeirra í stjórn SSA og starfsnefndir á vegum sambandsins</p>	
<p>4. gr. Megin markmið með samstarfi sveitarfélaganna á vettvangi SSA eru að; a) vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi, einkum í atvinnu,- efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum, b) berjast fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi, c) stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð, d) hafa forgöngu um byggðaþróunarverkefni í landshlutanum t.d. í nánú samstarfi við Austurbrú ses.</p> <p>Stjórn SSA ber að vinna að framangreindum og öðrum hagsmunamálum sveitarfélaganna í landinu, t.d. í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, önnur landshlutasamtök og/eða Samband íslenskra sveitarfélaga. Hún skal og;</p> <p>i) vinna að því að efla samstarf sveitarfélaganna bæði innan landshluta sem og á þjónustusvæðunum,</p>	<p>2. gr. Meginmarkmið SSA eru að; a) vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi, einkum í atvinnu,- efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum, b) berjast fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi, c) stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð, d) hafa forgöngu um byggðaþróunarverkefni í landshlutanum.</p> <p>Unnið skal að ofangreindum meginmarkmiðum í nánú samstarfi við Austurbrú ses.</p> <p>Stjórn SSA ber að vinna að framangreindum og öðrum hagsmunamálum sveitarfélaganna í landinu, t.d. í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, önnur landshlutasamtök og/eða Samband íslenskra sveitarfélaga.</p>

<p>ii) sjá um almenna kynningu á Austurlandi, halda á lofti kostum landshlutans og vinna að því að efla samkennd íbúa hans og styrkja þjóðfélagslega stöðu þeirra,</p> <p>iii) vinna að því að auka áhrif íbúa landshlutans varðandi ákvarðanir og ráðstöfun fjármagns,</p> <p>iv) stuðla að sameiningu sveitarfélaganna í kjördæminu þar sem það þykir henta.</p>	
<p>5. gr. Aðalfundur SSA skal haldinn ár hvert, eigi síðar en í maí. Það ár sem kosið er til sveitarstjórna skal fresta stjórnarkjöri til haustþings. Stjórn boðar til aðalfundar með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal hún senda sveitarstjórnnum og gestum fundarins dagskrá hans eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Aðalfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.</p> <p>Haustþing skal halda eigi síðar en 15. október ár hvert, þar er fjallað um hagsmunamál sveitarfélaganna. Á því skulu fastanefndir starfa og er það ályktunarbært um stefnumál SSA. Þingmenn kjördæmisins og ráðherra sveitarstjórnarmála skulu boðaðir til þingsins til samráðs. Ber stjórn að halda haustþing sem víðast á starfssvæðinu.</p> <p>Aukafundir skulu haldnir, þegar stjórn telur ástæðu til og þegar fjórðungur kjörinna fulltrúa eða fjórðungur sveitarstjórna á sambandsvæðinu óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukafunda með a.m.k. viku fyrirvara. Allir fundir samkvæmt þessari grein eru fulltrúafundir.</p>	<p>3. gr. Aðalfundur SSA skal haldinn ár hvert, eigi síðar en í maí. Það ár sem kosið er til sveitarstjórna skal fresta stjórnarkjöri til haustþings. Stjórn boðar til aðalfundar með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal hún senda sveitarstjórnnum og gestum fundarins dagskrá hans eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Aðalfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.</p> <p>Haustþing skal halda eigi síðar en 15. október ár hvert, þar er fjallað um hagsmunamál sveitarfélaganna. Á því skulu fastanefndir starfa og er það ályktunarbært um stefnumál SSA. Þingmenn kjördæmisins og ráðherra sveitarstjórnarmála skulu boðaðir til þingsins til samráðs. Ber stjórn að halda haustþing sem víðast á starfssvæðinu.</p> <p>Aukafundir skulu haldnir, þegar stjórn telur ástæðu til eða þegar fjórðungur sveitarstjórnarfulltrúa á svæðinu óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukafunda með a.m.k. viku fyrirvara.</p> <p>Allir fundir samkvæmt þessari grein eru fulltrúafundir.</p>
<p>6. gr. Til fulltrúafunda skal kosið árlega af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eftir reglu, sem er þannig í framkvæmd:</p>	<p>4. gr. Fulltrúar á fulltrúafundum eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert og deilist atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn. Í kjörbréfum skal koma fram hvað hver fulltrúi fer með mörg atkvæði. Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til annarra þingfulltrúa, skal</p>

Fjöldi íbúa	Fjöldi fulltrúa.	Samtals fulltrúar.	
0 - 200	1	1	<p>hann senda tilkynningu þar um til SSA eigi síðar en við upphaf fundar.</p> <p>Framkvæmdastjóri SSA/Austurbrúar og framkvæmdastjórar sveitarfélaga á sambandssvæðinu eiga sæti á fundum þess og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Eigi hafa þeir atkvæðisrétt, nema þeir séu aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Boðsgestir funda, t.d. þingmenn Norðausturkjördæmis, starfsmenn stofnana sem tengjast SSA og þeir sem sæti eiga í starfsnefndum á vegum þess, hafa málfrelsi á þeim.</p>
201 - 550	+1	2	
551 - 900	+1	3	
901 - 1250	+1	4	
1251 - 1600	+1	5	
1601 - 1950	+1	6	
1951 - 2300	+1	7	
2301 - 2650	+1	8	
2651 - 3000	+1	9	
3001 - 3350	+1	10	
3351 - 3700	+1	11	
3701 - 4050	+1	12	
4051 - 4400	+1	13	
4401 - 4750	+1	14	
4751 - 5100	+1	15	
5101 - 5450	+1	16	
5451 - 5800	+1	17	
o. s. frv.			
Jafnmargir varamenn skulu kosnir og eftir sömu reglu.			
<p>Kjörgengir eru forstöðumenn sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra. Sama gildir um kjörgengi til stjórnar. Einnig eru kjörgengir sem fulltrúar til aðalfundar starfsmenn sveitarfélaga. Hver sveitarstjórn skal, þegar fulltrúar hafa verið kjörnir, senda skrifstofu SSA tilkynningu um kosninguna eða afhenda kjörbréf í upphafi fundar.</p> <p>Hvorki stjórnin, né fundir SSA skulu hafa afskipti af sér málum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskiptin ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.</p> <p>Framkvæmdastjóri SSA/Austurbrúar á sæti á fundum þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Eigi hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi. Sama gildir um gesti fundarins, t.d. þingmenn Norðausturkjördæmis, starfsmenn stofnana, sem tengjast SSA og þá, sem sæti eiga í starfsnefndum á vegum þess.</p>			
7. gr.			5.gr.
Á aðalfundi skal kjósa stjórn fyrir sambandið til eins árs í senn. Skal stjórn skipuð 7 mönnum og			Á aðalfundi skal kjósa stjórn fyrir sambandið til tveggja ára í senn. Skal stjórn skipuð 5 mönnum

<p>jafnmörgum til vara. Hvort svæði (sbr. 2. gr.) á rétt á 3 stjórnarmönnum. Einn stjórnarmaður (flakkari) skal kjörinn af þjónustusvæðunum til skiptis annað hvert ár, en hann var fyrst kjörinn af norðursvæði á aðalfundi 2008. Enginn má eiga sæti í aðalstjórn lengur í senn en fimm ár, en kjósa má hann aftur, þegar liðin eru þrjú ár frá stjórnarsetu. Ef stjórnarmaður hættir á kjörtímabilinu afskiptum af sveitarstjórnarmálum á svæði því, sem hann var kjörinn í stjórnina fyrir, ber að leita álits viðkomandi sveitarstjórnar á því hvort hún fallist á að hann gegni stjórnarstörfum út kjörtímabilið. Sé því hafnað eða vilji hann sjálfur hætta ber honum að segja af sér stjórnarstörfum og láta kalla varamann í sinn stað. Hætti bæði aðalmaður og varamaður hans, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag/ - félög viðkomandi - skipa nýja í stað beggja út kjörtímabilið.</p>	<p>og jafnmörgum til vara úr hópi kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum á sambandsvæðinu. Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það tilnefnt áheyrarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum. Enginn má eiga sæti í aðalstjórn lengur í senn en sex ár, en kjósa má hann aftur, þegar liðin eru fjögur ár frá stjórnarsetu. Ef stjórnarmaður hættir á kjörtímabilinu afskiptum af sveitarstjórnarmálum tekur varamaður við og nýr aðalmaður er kjörinn á næsta aðalfundi. Hætti varamaður, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta aðalfundar.</p>
<p>8. gr. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum röðum formann og fyrsta og annan varaformann. Saman mynda viðkomandi framkvæmdaráð SSA og skal að minnsta kosti einn fulltrúi í því koma frá hvoru starfssvæði sambandsins. Framkvæmdaráð fer með málefni SSA á milli stjórnarfunda. Stjórn SSA hefur það hlutverk að sitja sem fulltrúar sveitarstjórnarstigsins í stjórn Austurbrúar. Stjórn SSA boði fulltrúa Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem búsettur er á starfssvæði SSA, á fund sinn ef ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Stjórnin skal vinna að framkvæmd þeirra mála, sem aðal- og fulltrúafundir ákveða, svo og öðrum málefnum, er varða hagsmuni landshlutans hverju sinni og/eða til hennar kann að verða vísað. Komi til óviðráðanlegra forfalla aðalmanna og varamanna þeirra skal boða í þeirra stað aðra varamenn á viðkomandi svæði og ella þá varamenn á öðrum svæðum, sem næst búa fundarstað. Hafa slíkir varamenn í þeim tilfellum öll sömu réttindi og aðrir stjórnarmenn, þ.m.t. fullan atkvæðisrétt. Stjórnin skal haga störfum sínum þannig að eigi sjaldnar en einu sinni á reglulegu kjörtímabili</p>	<p>6. gr. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum röðum formann og varaformann. Stjórn SSA hefur það hlutverk að sitja sem fulltrúar sveitarstjórnarstigsins í stjórn Austurbrúar. Stjórn SSA boðar fulltrúa Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem búsettur er á starfssvæði SSA, á fund sinn ef ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Stjórnin skal vinna að framkvæmd þeirra mála, sem aðal- og fulltrúafundir ákveða, svo og öðrum málefnum, er varða hagsmuni landshlutans hverju sinni og/eða til hennar kann að verða vísað. Stjórn skal og; <ol style="list-style-type: none"> 1. vinna að því að efla samstarf sveitarfélaganna innan landshlutans, 2. sjá um almenna kynningu á Austurlandi, halda á lofti kostum landshlutans og vinna að því að efla samkennd íbúa hans og styrkja þjóðfélagslega stöðu þeirra, 3. vinna að því að auka áhrif íbúa landshlutans varðandi ákvarðanir og ráðstöfun fjármagns. <p>v) ————— stuðla að sameiningu sveitarfélaganna í kjördæminu þar sem það þykir henta.</p> <p>Komi til óviðráðanlegra forfalla aðalmanns og varamanns hans skal boða annan varamann á boðaðan stjórnarfund. Hafa slíkir varamenn í</p> </p>

<p>sveitarstjórna geti sveitarfélög óskað eftir samráðsfundi með stjórn.</p>	<p>þeim tilfellum öll sömu réttindi og aðrir stjórnarmenn, þ.m.t. fullan atkvæðisrétt. Stjórnin skal haga störfum sínum þannig að eigi sjaldnar en einu sinni á reglulegu kjörtímabili sveitarstjórna geti sveitarfélög óskað eftir samráðsfundi með stjórn. Stjórn skal skipa í starfsnefndir eftir aðstæðum hverju sinni og kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og á opinbera fundi eftir því sem tilefni gefast, eða lög kveða á um hverju sinni.</p>
<p>9. gr. Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga þess og jafnmarga til vara. Einnig skal skipa í starfsnefndir milli funda eftir aðstæðum hverju sinni og kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og á opinbera fundi eftir því sem tilefni gefast, eða lög kveða á um hverju sinni.</p> <p>Á aðalfundi ár hvert (í fyrsta sinn árið 1999) skal afhenda „Menningarverðlaun SSA“ til einstaklinga eða félagasamtaka skv. tilnefningum þar um. Verðlaunafé skal að lágmarki nema 1,25 % af framlögum sveitarfélaganna til SSA og að hámarki 2,50 %. Stjórn SSA fer sjálf með úthlutun eða felur það öðrum og setur starfsreglur þar að lútandi.</p>	<p>7. gr. Hvorki stjórn, né fundir SSA skulu hafa afskipti af sérmálum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskiptin ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.</p>
<p>10. gr. Austurbrú heldur utan um rekstur SSA samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Austurbrúar er jafnframt framkvæmdastjóri SSA og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir SSA, skal vera hluti af ráðningarsamningi Austurbrúar við hann.</p>	<p>8. gr. Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga þess og jafnmarga til vara. Einnig skal skipa í starfsnefndir milli funda eftir aðstæðum hverju sinni og kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og á opinbera fundi eftir því sem tilefni gefast, eða lög kveða á um hverju sinni.</p> <p>Á haustþingi ár hvert skal afhenda „Menningarverðlaun SSA“ til einstaklinga eða félagasamtaka skv. tilnefningum þar um. Stjórn SSA setur nánari reglur um verðlaunafé og með hvaða hætti úthlutun fer fram.</p>
<p>11. gr. Fyrir aðalfund skal stjórnin leggja endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir síðastliðið reikningsár og fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagstímabil. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Fundurinn skal úrskurða reikningana, afgreiða fjárhagsáætlunina og ákveða stjórnar- og nefndalaun komandi starfsárs.</p>	<p>9. gr. Austurbrú heldur utan um rekstur SSA samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Austurbrúar er jafnframt framkvæmdastjóri SSA og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir SSA, skal vera hluti af ráðningarsamningi Austurbrúar við hann.</p>

<p>Árlegt framlag hvers sveitarfélags skal vera tiltekinn hundraðshluti af skatttekjum næst liðins árs eins og þær eru skilgreindar skv. bókhaldslykli sveitarfélaga hverju sinni. Ber skrifstofu sambandsins í upphafi hvers árs að birta aðildarsveitarfélögunum útreikninga sína á árgjöldum hvers og eins viðkomandi ár og veita tilhlýðilegan frest til athugasemda.</p> <p>Gjalddagar skulu vera tveir, 1. mars og 1. október með jöfnum greiðslum og er skrifstofu sambandsins heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti hverju sinni á vanskil, hvern mánuð sem kominn er fram yfir eindaga. Eindagi telst seinasti virkur dagur gjalddagamánaðar.</p>	
<p>12. gr. Reikningsár sambandsins er almanaksárið.</p>	<p>10. gr. Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Fyrir aðalfund skal stjórnin leggja reikninga sambandsins fyrir síðastliðið reikningsár og fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagstímabil. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Fundurinn skal úrskurða reikningana, afgreiða fjárhagsáætlunina og ákveða stjórnar- og nefndalaun komandi starfsárs.</p> <p>Árlegt framlag hvers sveitarfélags skal vera hlutfall þess af heildar skatttekjum og framlögum úr jöfnunarsjóði næst liðins árs á starfssvæðinu. Grunnfjárhæð framlaga tekur breytingum árlega miðað við þróun staðgreiðsluhlutfalls starfssvæðisins eða samkvæmt öðrum viðmiðum eftir tillögum stjórnar og fjárhagsnefndar. Aðalfundur samþykkir framlög næsta árs sem hluta af fjárhagsáætlun.</p> <p>Gjalddagar skulu vera tveir, 1. mars og 1. október með jöfnum greiðslum og er skrifstofu sambandsins heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti hverju sinni á vanskil, hvern mánuð sem kominn er fram yfir eindaga. Eindagi telst seinasti virkur dagur gjalddagamánaðar.</p>
<p>13. gr. Úr sjóðum sambandsins skal greiða laun starfsmanna, sem ráðnir eru skv. 10. gr., kostnað við stjórn þess og nefndir, bæði hvað varðar laun, ferðir og uppihald. Gestgjafi (þ.e. heimasveitarfélag þar sem aðalfundur er haldinn) leggur til fundaraðstöðu á aðalfundum, en SSA ber kostnað vegna gistingar</p>	<p>11. gr. Gestgjafi (þ.e. heimasveitarfélag þar fulltrúafundir eru haldnir) leggur til fundaraðstöðu, en SSA ber annan kostnað.</p>

<p>aðalfundarfulltrúa og gesta sem og uppihald þeirra vegna, en engan kostnað annan vegna fulltrúafunda, né annarra funda á vegum þess, nema húsnæðis og auglýsingakostnað vegna kynningarfunda o.þ.h., auk tilfallandi kostnaðar vegna stjórnarmanna, starfsnefnda og/eða annarra sérstaklega kallaðra til fundarsetu af stjórn SSA.</p>	
<p>14. gr. Heimilisfang sambandsins skal vera í því sveitarfélagi, sem skrifstofa þess er í hverju sinni.</p>	<p>12. gr. Heimilisfang sambandsins skal vera í því sveitarfélagi, sem skrifstofa þess er í hverju sinni.</p>
<p>15. gr. Breyta má samþykktum þessum á aðalfundi. Tillögur um breytingar skal jafnan tilkynna með fundarboði. Um endurskoðun samþykktanna, úrgöngu einstakra sveitarfélaga, slit sambandsins o.fl. atriði gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga.</p>	<p>13. gr. Breyta má samþykktum þessum á aðalfundi. Tillögur um breytingar skal jafnan tilkynna með fundarboði. Um endurskoðun samþykktanna, úrgöngu einstakra sveitarfélaga, slit sambandsins o.fl. atriði gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga.</p>
<p>Samþykkt á aðalfundi SSA á Egilsstöðum, 7. maí 2019</p>	<p>Samþykkt á aðalfundi SSA</p>